



**Rifflanefnd Skotfélags Reykjavíkur heldur skotmót, Áramótið, mánudaginn 31. desember á svæði félagsins á Álfsnesi. Vegna takmarkaðs birtutíma þurfa menn að vera tilbúnir að hefja keppni kl 11:00. Keppni ætti að ljúka upp úr kl 14. Skráningu á mótið lýkur fimmtudaginn 20. des !**

Skotið verður af resti á 200 metra færi á „varmint for score“ skotskífur og ræður stigafjöldi úrslitum. Skotin verða samtals 25 skot.....

..sem telja til stiga en skjóta má eins mörgum „sighterum“ á til þess gerða skífu og menn vilja. Engar takmarkanir verða á búnaði eða caliberum en musslebreak verða bönnuð sökum hávaða innandyr. (ath það er engin upphitunarskífa fyrir keppnisskotin til að stytta tíman sem fer í mótið)

Skotnar verða fimm 5 skota hrinur þar sem fyrsta hrinan stendur yfir í 10 mínútur en hinar í 7 mínútur. Sá fyrirvari er gerður á þessu að ef þátttaka verður það mikil að skjóta verði í fleiri riðlum en einum - gæti mótið verið styttn vegna þess skamma tíma sem birta varir.

Keppt verður í einum flokki: „Opnum flokki“ þar sem engar þyngdartakmarkanir eru eða takmarkanir varðandi stækkun sjónauka.

Verðlaun verða veitt fyrir þrjú efstu sætin.

Skráning í mótið fer fram með tölvupósti á netfangið [sr@sr.is](mailto:sr@sr.is) Skráningafresti lýkur fimmtudaginn 20. Desember. Til að auðvelda forskráningu eru menn beðnir að tilgreina tækjabúnað og hleðslu.

## **Áramótið í riffli...**

Miðvikudagur, 05. desember 2012 10:20

---

Mótsgjald er kr. 1000 - allt skotfólk velkomið !